



Reykjavíkurborg er nauðsynlegt að vinna með persónuupplýsingar foreldra og barna þeirra vegna umsóknar foreldra um systkinaafslátt systkina í skiptri búsetu foreldranna, í skilningi barnalaga nr. 76/2003, **sem öll eru með lögheimili í Reykjavík**, að uppfylltum tilgreindum skilyrðum í reglum Reykjavíkurborgar. *Leggja þarf fram staðfestar upplýsingar úr Þjóðskrá* um skipta búsetu og *báðir foreldrar þurfa að undirrita umsókn*. Í þessum tilfellum er miðað við forsjárskráningu í Þjóðskrá í stað lögheimilistengsla. Unnið er með upplýsingar sem veittar eru í umsókn og fylgigögnum auk upplýsinga frá Þjóðskrá. Systkinaafsláttur getur átt við á grundvelli reglna um leikskólaþjónustu, reglna um niðurgreiðslu vegna barna hjá dagforeldrum, reglna um þjónustu frístundaheimila Reykjavíkurborgar og reglna um þjónustu félagsmiðstöðva Reykjavíkurborgar.

Umsækjendur:

Nafn foreldris 1	Kennitala foreldris 1	Lögheimili:
Nafn foreldris 2	Kennitala foreldris 2	Lögheimili:

Nafn barns:	Kennitala barns:	Lögheimilisfang:	Búsetuheimilisfang:
Nafn barns	Kennitala barns:	Lögheimilisfang:	Búsetuheimilisfang:
Nafn barns:	Kennitala barns:	Lögheimilisfang:	Búsetuheimilisfang:
Nafn barns	Kennitala barns:	Lögheimilisfang:	Búsetuheimilisfang:
Upptalning fylgiskjal		Dagsetning umsóknar	
Nafn starfsstaðar (leikskóli, daggæsla, félagsmiðstöð eða frístundaheimili) sem börnin sækja:			

Upplýsingar um gjaldskrá leikskóla Reykjavíkurborgar og afslætti og reglur sem gilda um gjaldtökuna má sjá í 6. gr. [reglna Reykjavíkurborgar](#) um leikskólaþjónustu. Samkvæmt gr. 6.d er veittur systkinaafsláttur af dvalargjaldi að nánari skilyrðum uppfylltum. Upplýsingar um niðurgreiðslu í daggæslu og afslætti og reglur sem gilda um niðurgreiðsluna má sjá í 6. gr. [reglna Reykjavíkurborgar](#) um niðurgreiðslu vegna barna hjá dagforeldrum. Samkvæmt gr. 6.d er veittur systkinaafsláttur af dvalargjaldi að nánari skilyrðum uppfylltum. Upplýsingar um gjaldskrá frístundaheimila Reykjavíkurborgar og afslætti og reglur sem gilda um gjaldtökuna má sjá í 6. gr. [reglna Reykjavíkurborgar](#) um þjónustu frístundaheimila Reykjavíkurborgar. Samkvæmt gr. 6.b er veittur systkinaafsláttur af dvalargjaldi að nánari skilyrðum uppfylltum. Upplýsingar um gjaldskrá félagsmiðstöðva Reykjavíkurborgar og afslætti og reglur sem gilda um gjaldtökuna má sjá í 6. gr. [reglna Reykjavíkurborgar](#) um þjónustu félagsmiðstöðvar Reykjavíkurborgar. Samkvæmt gr. 6.b er veittur systkinaafsláttur af dvalargjaldi að nánari skilyrðum uppfylltum.

Afsláttur samkvæmt framangreindum reglum er ekki veittur afturvirkur og miðast hann við þann dag sem gögnum er skilað til skóla- og frístundasviðs eða afhent forstöðumanni/leikskólastjóra/dagforeldri barnsins/barnanna og öllum skilyrðum er fullnægt. Þó er heimilt að leiðrétta gjöld einn mánuð afturvirkur ef foreldri hefur t.d. láðst að sækja um afslátt og öllum skilyrðum var fullnægt á þeim tíma.

Afsláttur fellur niður án fyrirvara uppfylli foreldrar ekki skilyrði afsláttar og að afsláttur sem veittur er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga er endurkræfur samkvæmt almennum reglum kröfuréttar og verða hlutaðeigandi krafðir um mismuninn.

Nauðsynlegt er að báðir foreldrar skrifi undir beiðnina.

*Foreldri er hér notað yfir þá sem fara með forsjá barns í skilningi barnalaga nr. 76/2003. Nánari upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga má finna í <https://reykjavik.is/personuverndarstefna>. Sérstök athygli er vakin á því að sért þú ósátt/ur við meðferð Reykjavíkurborgar á persónuupplýsingum þínum getur þú ávallt haft samband við persónuverndarfulltrúa Reykjavíkurborgar (personuverndarfulltrui@reykjavik.is) eða sent erindi til Persónuverndar, (www.personuvernd.is).